

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 34. TBL.

21. MAÍ 2010

## Hraunvallaskóli hlýtur viðurkenningu fræðsluráðs

Hraunvallaskóli og Leikskólinn Stekkjarás hljóta viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar árið 2010. Fræðsluráð veitir eina til þrjár viðurkenningar á ári í samræmi við reglur ráðsins. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á mikilvægi skólustarfs í samfélaginu og veita þar sérstaklega skólum viðurkenningu fyrir verkefni sem unnin eru af frumkvæði starfsmanna, eru með skýra fagsýn og stuðla að skólaþróun. Þetta er í þriðja sinn sem viðurkenning fræðsluráðs er veitt. Eyjólfur Sæmundsson, formaður fræðsluráðs, afhenti viðurkenningarnar fyrr í vikunni.

Frá því að Hraunvallaskóli tók til starfa í núverandi húsnæði hefur það verið stefna skólans að starfsmenn hans vinni náið saman með áherslu á að brúa bilið í námi og kennslu á mörkum leik- og grunnskóla. Þriðja skólaárinu er að ljúka þar sem unnið hef-

ur verið með skipulögðum hætti að auknu samstarfi til þess að draga úr þeim skörpu skilum sem oft myndast hjá börnum þegar þau hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla. Farsæl mótun á skólustarfi við skólaskil leik- og grunnskóla þarf að byggja á metnaði, miklu samstarfi og vilja til að efla faglegt starf í þágu nemenda. Það hefur allt verið sýnilegt í því starfi sem unnið hefur verið á þessum vettvangi í Hraunvallaskóla. Í ljósi þessa veitir fræðsluráð skólanum

viðurkenningu fyrir fram-sækið og faglegt starf í Hraunvallaskóla.

Fræðsluráð veitir einnig Ivönku Sliivic, deildarstjóra í Hlíð, sem er fimm ára deild innan skólans, sérstaka viðurkenningu með skólanum. Ivanka hefur verið frumkvöðull í að skipuleggja samstarf milli skólastiganna.

Myndirnar hér neðar eru frá því þegar viðurkenningin var afhent þann 19. maí.



Neðri myndin er af hluta starfsfólks 5 ára deildar og kennurum I. bekkjar í Hraunvallaskóla og sú efri af skólastjórnendum ásamt formanni fræðsluráðs, Eyjólf Sæmundssyni, við afhendinguna.





## FRÉTTIR

# Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » **Opið hús:** Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Æfingastöðin vekja athygli á opnu húsi Æfingastöðvarinnar laugardaginn 29. maí kl. 13-16. Á Æfingastöðinni er veitt fjölbreytt þjónusta iðjubálfa og sjúkrapjálfa. Þjónustan er fyrir börn og ungmenni sem þurfa aðstoð við að bæta færni sína í leik og starfi svo þau geti þroskast, dafnað og notið lífsins.
- » Frá **Námsgagnastofnun:** *Putalestin* er smábók í öðrum flokki samkvæmt röðun Námsgagnastofnunar á lestrarbókum fyrir yngsta stig er nýkomin út. *Putalestin* fjallar um litla lest sem ekur um borgina Vasa í Finnlandi. Hún heimsækir staði sem krökkum finnst gaman að koma til. *Putalestin* er handa börnum sem eru að æfa lestur og uppgötva heiminn.
- » Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands verður haldið þann 22. október 2010 undir heitinu **Menntakvika: rannsóknir, nýbreytni og þróun**. Megintilgangur ráðstefnunnar er að skapa mennta- og uppeldisstéttum vettvang til að kynna nýbreytni í rannsókna og þróunarstarfi sem unnið er í skólum landsins og innan háskóla-umhverfisins. Rannsóknastofur sviðsins munu halda málstofur í tengslum við ráðstefnuna. Í málstofunum hefur verið hvatt til samstarfs fræðimanna, framhaldsnema og fólks af vettvangi. Sem flestir eru hvattir til að taka þátt og kynna rannsóknir og samstarfsverkefni við vettvang á ráðstefnunni. Allir sem hafa áhuga á því þurfa að senda inn 200 orða útdrátt til samþykktar. Þeir sem hafa áhuga að vera með erindi eru beðnir biðjum um að senda útdrátt eigi síðar en 15. júní næstkomandi á netfangið [mvs-simenntun@hi.is](mailto:mvs-simenntun@hi.is).



## Ráðstefna um samþættingu og þemanám

Haustráðstefna *Samtaka áhugafólks um skólaþróun* verður í Borgarholtsskóla 13. ágúst 2010. Fjallað verður um skipulagningu heildstæðra viðfangsefna þar sem áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, þemanám, samvinnu, heimildaleit, rannsóknarvinnu og skapandi starf. Ráðstefnan stendur frá kl. 9:00–14:30. Árdegis verða erindi og kynningar:

Lilja M. Jónsdóttir, HÍ:  
*Samþætting er málið!*  
Helgi Grímsson, Sjálands-skóli: *Þemakennsla á ungl-ingastigi; nám í samfélagsfræði,*

*náttúrufræði, lífsleikni, trúar-bragðafraði, tölvu- og upplýsingatækni í þemum.*

Björn Gunnlaugsson og Sif Vígbórsdóttir, Norðlinga-skóli: *Smíðjur, samþætting þemaverkefna með áherslu á list- og verkgreinar.*

Friða Haraldsdóttir og Margrét Sólmundsdóttir, Laugalækjarskóli: *Þverfagleg verkefni í Laugalækjarskóla - unnið í samstarfi við upplýsingaver skólans.*

Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, Fjölbrautaskóli Snæfellinga:



## Símenntun

*Samþætting námsgreina og afnám landamæra þeirra.*

Kennarar Menntaskólans á Akureyri: *Samþætt nám í formi heildstæðra verkefna; einstaklingslega eða í hópum.*

Að erindum loknum gefst þátttakendum kostur á að taka þátt í fjölbreyttum vinnustofum, málstofum og hugarflugsfundum í því að undirbúa samþætt viðfangsefni og þemu.

Þátttökugjald er kr. 3.000 fyrir félagsmenn og kr. 4.000 fyrir aðra. Nánari upplýsingar á skolathroun.is.

**VEFSLÓÐ:** <http://www.skolathroun.is/>



## Vefhornið

## Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Vefur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fræðsluvefur sem nýtist í skólastarfi. Honum er ætlað að miðla inntaki sáttmálans til barna og auka þannig skilning þeirra á réttindum sínum. Sáttmálinn fjallar því lítið um skyldur



barna þótt þær séu víða skráðar í lögum og reglum (sbr. Lög um grunnskóla og reglugerðir tengdar þeim).

Vefurinn gefur margar hugmyndir til að fjalla um réttindi barna og unglunga til að fræðast um slíkt í daglegri kennslu. Hentar sjálfsgagt best í tengslum við námsgreinarnar lífsleikni, samfélagsfræðigreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafraði.

**VEFSLÓÐ:** <http://www.barnasattmali.is/nam/>

## Tilkynning vikunnar

4. bekkingar opna *Bjarta daga*, menningarhátíð Hafnarfjarðar, miðvikudaginn 2. júní kl. 10 á Thorsplani.

**Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 28. maí 2010**